

# Samfélagsfræði 1. bekkur 2021 - 2022

## Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Samfélagsfræði er samþætt kennslu í íslensku og unnin í þemum. Helstu þemu eru jólin, páskar, þjóðsögur og ævintýri. Einnig verður lögð töluverð áhersla á uppeldisstefnu skólans - Uppeldi til ábyrgðar.

Unnið er með fjölbreyttan nemandahóp út frá hæfni og leikni hvers einstaklings. Sérkennarar og þroskaþjálfar vinna með nemendur sem þurfa frekari dýpkun.

Kennsluaðferðir:

- Byrjendalæsi
- Útlistunarkennsla: byggist á því að kennarar miðla þekkingu, útskýra, reifa eða ræða ólíkar leiðir, sjónarhorn eða lausnir sem vekja til umhugsunar
- Umræðu- og spurnaraðferðir: Byggist á því að kennarinn spyr spurninga og beitir öðrum aðferðum til að skapa umræður um tiltekin viðfangsefni.
- Stöðvavinna
- Hópvinna, paravinna.
- Skriflegar æfingar
- Vinnublaðakennsla
- Námsleikir og spil

## Námsáætlun

| Tímabil                     | Viðfangsefni                                                                                                             | Hæfniviðmið                                                                                                                                                                                      |
|-----------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Ágúst/september             | Uppeldi til ábyrgðar - Gildi skólans, almennar reglur og húsreglur, skýr mörk, hlutverk/starfslýsing og bekkjarsáttmáli. | - Útskýrt fimm grunnþarfir Uppeldis til ábyrgðar á einfaldan hátt og tekið þátt í vinnu að sáttmála um samskipti.                                                                                |
| Október/nóvember            | Uppeldi til ábyrgðar – þarfirnar, einkunarorð skólans virðing, ábyrgð, vellíðan. Vinátta og sáttfýsi.                    | - Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.<br>- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.                    |
| Desember/janúar             | Jólin. Gæðatexti: Grýlusaga, Jólasveinakvæði, þjóðsögur og ævintýri.                                                     | - Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.<br>- Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum í nærsamfélaginu.                        |
| Febrúar/mars/apríl/maí/júní | Þorrinn og páskar. Uppeldi til ábyrgðar: Lífsvagninn, hvernig manneskja vil ég vera?                                     | - Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum í nærsamfélaginu.<br>- Útskýrt fimm grunnþarfir Uppeldis til ábyrgðar á einfaldan hátt og tekið þátt í vinnu að sáttmála um samskipti. |

**Eftirfarandi viðmið úr námskrá eru ávallt höfð**

### Í huga:

- Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra.
- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið mjög vel með öðrum.
- Unnið mjög vel eftir fyrirmælum.

## Grunnþættir menntunar

### \* Lýðræði og mannréttindi

- Stuðla skal að því að efla gagnrýna hugsun og ígrundun um mikilvægi þess að vera virkur þátttakandi í lýðræðissamfélagi.
- Uppeldi til ábyrgðar og einkunnarorð skólans "Virðing, ábyrgð, vellíðan".

### \* Sjálfbærni

- Unnið að því að efla ábyrgð nemenda og að skapa samábyrgt samfélag, takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta.

### \* Læsi

- Áhersla er lögð á að nemendur verði samskiptalæsir og geti unnið í hópum, komið skoðunum sínum á framfæri og hlustað á skoðanir annarra.
- Efla tilfinningalæsi nemenda, að nemendur geti lesið í aðstæður og geti sett sig í spor annarra.

### \* Heilbrigði og velferð

- Efla tilfinningavitund og félagsleg tengsl.

## Námsmat

**Engin formleg próf eru í samfélagsfræði í 1. bekk. Verkefni sem unnin eru í þeim tengdum íslensku, verða metin og færð inn á hæfnikort nemanda.**

**Kennarar beita eftirfarandi námsmatsaðferðum við mat á vinnu og verkefnum nemenda:**

**Leiðsagnarnám:** er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. Leiðsagnarmat getur verið skriflegt eða munnlegt og kennarinn gefur leiðandi umsögn sem nýtist nemendum við áframhaldandi nám.

**Frammistöðumat:** kennarinn metur hvernig nemandinn vinnur ákeið verkefni. Áherslan er á að meta ferlið en ekki eingöngu afurðina. Þá er horft til þess hvernig nemandanum gengur að leysa verkefnið af hendi.

## Sjálfsmat

**Stöðugt alhliða námsmat:** Vinna nemenda er metið við raunverulegar aðstæður. Matið byggist á vinnu nemenda, þekkingu þeirra, skilningi og leikni. Það fer fram á lengri tíma.

## Hlutverk og vinnulag nemandans

|                |                                                                                                               |
|----------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                | Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð og vellíðan eru höfð að leiðarljósi.                                    |
| Samskipti      | Áhersla lögð á að nemendur öðlist hæfni til að geta unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. |
| Mæting         | Að nem. temji sér stundvísi.                                                                                  |
| Virkni í tímum | Að nem. leggi sig fram eftir bestu getu                                                                       |

|                              |                                                                    |
|------------------------------|--------------------------------------------------------------------|
| Skil á verkefnum - sein skil | Skila heimavinnu á réttum tíma                                     |
| Skyldur nemenda              | Að leggja sig fram um að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu. |
|                              | Að leggja sig fram um að eiga jákvæð samskipti við aðra.           |

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### Sel - samfélagsgreinar 1. bekk

- **Hæfni á námssviði**

#### Sel - samfélagsgreinar 1. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi. Virðing-ábyrgð-vellíðan.
- Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum í nærsamfélaginu.

#### Sel - samfélagsgreinar 1. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.

#### Sel - samfélagsgreinar 1. bekk - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Útskýrt fimm grunnþarfir Uppeldis til ábyrgðar á einfaldan hátt og tekið þátt í vinnu að sáttmála um samskipti.

### Sel - samfélagsgreinar 1. bekk - Tjáning og miðlun

- Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra.

### Sel - samfélagsgreinar 1. bekk - Sjálfstæði og

#### samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið með öðrum í hóp.
- Unnið eftir fyrirmælum.

## Sel - samfélagsgreinar 1. bekk - Ábyrgð og mat á eigin

### námi

- Lagt sig fram við námið og nýtt tímann vel.